

Blönduósbær
Bogi Magnúsen Kristinsson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Reykjavík, 30. júní 2022
UST202205-335/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010 - 2030 og nýtt deiliskipulag – Íbúðarbyggð við Fjallabraut, Lækjarbraut og Holtabraut

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Blönduósbæjar er barst 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010 - 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Fjallabraut, Lækjarbraut og Holtabraut.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að breyting er gerð á töflu í greinargerð, kafla 4.1.1 Íbúðarsvæði, þ.e. töflu 4-2 *Íbúðarsvæði í Blönduósbæ*, sem verður leiðrétt er kemur að leyfilegum fjölda íbúða á svæðum A, B, C og D. Leyfilegur fjöldi íbúða á svæðunum verður aukinn svo byggja megi fleiri minni íbúðir en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einbýlis-þar- og raðhúsum fyrir 49-74 íbúðir. Deiliskipulagssvæðið er um 6,2 hektarar að stærð.

Hverfisvernd - Fjörükambur

Í greinargerð kemur fram að fjörükamburinn og brekkurnar ofan við deiliskipulagssvæðið njóta hverfisverndar og kemur fram í aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 að við Húnaflóa séu víða háir og reglulegir malarhjallar eða marbakkar frá ísaldarlökum sem séu einkennandi fyrir bæjarstæði Blönduóss.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að og fjallað um áhrif tillögunnar í umhverfisskýrslu á hverfisverndarsvæðið. Að mati stofnunarinnar getur tillagan rýrt verndargildi hverfisverndarsvæðisins með tilliti til ásýndar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur